



Um sagnir og smáorð
Eðli og notkun agnar- og forsetningarsagna
í íslensku nútímamáli

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Alwin-Jon Hills

Kt. 120890-3369

Leiðbeinendur: María Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir

Mái 2017

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um agnarsagnir, þ.e. sagnorð sem taka með sér ögn, og forsetningarsagnir, þ.e. sagnorð sem taka með sér forsetningu, í íslensku máli. Áherslan er lögð á eðli og notkun þeirra. Í fyrsta hluta er umfangi, stærð og tilgangi ritgerðarinnar lýst. Stakorðið „smáorðasögn“ eða „-sagnorð“ er kynnt en það merkir sögn sem tekur með sér smáorð, þ.e. atviksorð/ögn eða forsetningu. Í öðrum hluta er litið á það sem hefur verið skrifað um efni ritgerðarinnar í kennslu- og fræðibókum í árunna rás. Það kemur í ljós að smáorðasagnafyrirbærið er tiltölulega lítið til umræðu. Í þriðja hluta eru hugtök sem birtast í ritgerðinni skilgreind. Listi af viðurkenndum smáorðum sem fara oft með sögnum er gefinn. Svo eru skoðaðar þær leiðir sem málfræðingar hafa farið við að útskýra og skilgreina smáorð. Í fjórða hluta er munur á eðli og notkun smáorðasagna til rannsóknar. Tilraunir eru gerðar til að athuga hvort og hvernig m.a. eðli andlagsins (nafnorð eða fornafn), orðaröð og uppbygging setningarinnar (einföld eða samsett) skipti máli. Sýnt er fram á að agnar- og forsetningarsagnir fylgja svipuðum notkunarreglum en þó ekki að öllu leyti, t.d. geta agnir farið á eftir andlaginu en forsetningar geta það ekki. Þessar reglur eru settar fram í lista. Í fimmta hluta eru sýnd og skilgreind dæmi um smáorðasagnir úr skáldsögum, fréttum og fræðiritum. Í sjötta hluta eru settar fram hugmyndir til rannsóknarefna í framtíðinni, t.d. að skoða hvað afleiðsla, þ.e. að búa til orð eins flokks úr orði annars (t.d. að leiða nafnorð af sagnorði), getur sagt okkur um smáorðasagnir. Svo eru lokaorð og heimildaskrá. Að lokum kemur einnig viðauki þar sem skilgreiningar og notkunarreglur agnar- og forsetningarsagna eru settar á eina blaðsíðu, í þeim tilgangi að vera gagnlegt þeim sem læra eða kenna íslenskt mál.

Nota má efni þessarar ritgerðar frjálst sé til þess vísað á viðeigandi fræðilegan hátt.

*Mínar kæru þakkir til Mæju og Siggu
fyrir góða samvinnu og skemmtilega tíma*



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Prentun: Háskólaprent ehf.

Leturgerdir: Linux Libertine og Linux Biolinum 12/15.7



www.linuxlibertine.org

Ég staðfesti að þetta er frumsamið verk og að til allra notaðra heimilda er vísað í heimildaskrá. Ég staðfesti ennfreður að allar beinar tilvísanir eru í gæsalöppum og að ég hef hvorki afritað né notað hugmyndir, vangaveltur eða tilgátur úr verki, grein eða minnisblöðum, séu þau prentuð eða rafræn, án þess að segja nákvæmlega hvaðan þau koma.

Alwin-Jon Hills
Reykjavík
apríl 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Efnisyfirlit

INNGANGUR		1
FYRSTI KAFLI	Umfang & tilgangur ritgerðarinnar	3
ANNAR KAFLI	Fyrri umræður & rannsókn	5
ÞRÍÐJI KAFLI	Skilgreiningar	8
FJÓRÐI KAFLI	Eðli og notkun agnar- & forsetningarsagna	12
FIMMTI KAFLI	Dæmi	21
SJÖTTI KAFLI	Tillögur til frekari rannsókna	26
LOKAORÐ		28
VIÐAUKI		29
HEIMILDASKRÁ		31

Inngangur

SAGNIR SEM TAKA MEÐ SÉR NÁTENGT smáorð eru margslungið fyrirbæri flestra, kannski jafnvel allra, germanskra tungumála nútímans. Íslenska er engin undantekning. Sagnorð af þessari tegund finnast alls staðar, hvort sem er í hversdagslegu talmáli eða formlegu ritmáli. Maður *fer fram úr* á morgnana og svo *fer* maður *í föt*; á hverjum degi *stendur* maður *upp* eftir matinn; í vinnunni er *rætt um* smáatriði sem voru *sett saman* í skjal sem þarf að *skrifa undir*; í leikfimi þegar maður er orðinn þreyttur og vill hætta þjálfuninni, *segir* maður *við* sjálfan sig að *halda áfram*; heima *tekur* maður *til* áður en byrjað er að *búa til* kvöldmat; og á kvöldin *býr* maður sig *undir* að *fara út*. Eins og sjá má er erfitt að vera án slíkra sagnorða í einn dag. Fjöldi mögulegra samsetninga af sagnorðum og smáorðum er ákaflega mikill. Örstutt athugun í *Íslenskri orðabók* (2010) leiðir í ljós að ekki skortir þessi sagnorð: sem dæmi, sagnorðið *búa* er með fimmtán smáorðasamsetningar (bls.128), *hafa* er með fjörutíu og eina (bls.347–8), og *taka* er með sextíu og eina (bls.1037–9). Þessar tölur er án miðmyndarforma þessara algengu sagna, en miðmyndin myndi bæta fleiri niðurstöðum við.

Enda þótt sagnorð þessarar tegundar séu algeng virðast notkunarreglur þeirra hvorki vera augljósar né auðveldar að útskýra. Eitt sem er alveg greinilegt er að í flestum tilvikum gefa þessi smáorð sögnunum nýja merkingu, með öðrum orðum þau hafa ekki aðeins það hlutverk í setningunni að leggja áherslu á atriði eins og til dæmis atviksorðið *mjög* hefur. Sögnin *búa til* þýðir alls ekki það sama og *búa yfir* og hvorug þessara samsetninga þýðir það sama og einfalda sögnin *búa*. Þess meira sem hugsað er um notkun og stöðu þessarar tegundar af sögnum, því skýrara verður mikilvægi þess að nota réttu samsetninguna. Aðalspurningin er þá, hverjar eru reglurnar sem ráða notkun þeirra? Af hverju til dæmis er eðlilegt að segja *ég bý til sögu* og *ég bý hana til* en vafasamt að segja *ég bý til hana* eða *til bý ég sögu*?

Í þessari ritgerð verður litið á sagnliði sem eru samsettir af sagnorði og smáorði eða -orðum. Markmiðið er i) að aðgreina eðli smáorðanna, ii) að gera grein fyrir notkunarreglum þessara tegunda sagnliða og iii) að skoða það sem skrifað hefur verið um þetta umræðuefni. Til viðbótar er markmiðið að gefa skýrt yfirlit yfir reglurnar, þ.e.a.s. *búa til* hjálpargögn handa fólki sem er að læra íslenska tungu. Fyrst er sagt frá rannsóknaraðferð og takmörkum rannsóknarinnar ásamt nokkrum mikilvægum atriðum tengdum orðaforða sem notaður er í ritgerðinni. Í öðrum hluta er litið á það sem birtist í kennslubókum um ritgerðarefnið. Í þriðja hluta er fjallað um greiningu smáorða og

UM SAGNIR OG SMÁORÐ

erfiðleika við að aðgreina þau. Í fjórða hluta er rætt um notkunarreglur sagnliða. Þá fylgja dæmi úr textum sem lesnir voru til rannsóknar, í ljósi þess sem var í fyrri hluta. Síðast kemur umfjöllun um möguleikann fyrir frekari rannsóknir á fyrirbærinu og lokaorð.

1 Umfang & tilgangur ritgerðarinnar

Í SAMRÆMI VIÐ STÆRÐ, UMFANG OG TILGANG þessarar ritgerðar hefur hér eingöngu verið leitað að upplýsingum og dæmum úr formlegri tegundum af ritmáli skrifuðu á nútímaíslensku, það er að segja ekki á bloggsíðum eða auglýsingum heldur í dagblöðum, fræðilegum ritum og skáldsögum sem voru gefnar út af þekktum, viðurkenndum forlögum en ekki til dæmis sérútgáfum, þar sem ritstjórn er kannski ekki jafn nákvæm. Aðeins óbundið mál er skoðað í þessari rannsókn vegna þess að aðrar miklu flóknari reglur gilda í bundnu máli og þær gætu í sjálfu sér verið umfjöllunar efni ritgerðar. Af því að áhersla er fastlega sett á nútímaíslensku er allt nema fræðibækurnar skrifað – eða að minnsta kosti þýtt – einhvern tíma á síðustu tveimur áratugum; elsta skáldsagan er frá 1999. Ástæðan fyrir því að lesnir voru aðrir textar en fræðilegir og tengdir málvísindum eða setningafræði var sú að leitað var að dæmum sem annaðhvort staðfesta það sem málfræðingar hafa skrifað um umræðuefnið eða bjóða því birginn, ásamt því að veita höfundinum einhvers konar málfræðilega tilfinningu fyrir rannsóknarefninu. Í heild voru lesnar fjörutíu og fimm blaðagreinar og einn eða tveir kaflar úr tólf skáldsögum, sem fór eftir því hversu langir kaflarnir voru, með þeim takmörkum þó að lesa milli átta og sextán blaðsíður í hverri bók; þær voru valdar af handahófi á almenningsbókasafni af borði þar sem vinsælar bækur eru settar, sem myndi kannski ýja að því að málið í þeim væri yfirleitt eðlilegast og þægilegast lesendum. Dæmi voru einnig tekin úr sjálfum fræðibókunum sem voru skrifaðar á íslensku.

En áður en byrjað er á ítarlegri skoðun aðalumfjöllunarefnanna er nauðsynlegt að nefna eitt mikilvægt atriði þegar um orðaforða er að ræða, til að tryggja að enginn misskilningur vegna mismunandi fræðilegra sjónarhorna eða þýðinga úr öðrum tungumálum komi fyrir. Eins og nánar verður fjallað um hér á eftir er eitt af aðalvandamálum, þegar sagnorð sem standa með smáorði eru í athugun, hvernig eigi að skilgreina þessi smáorð. Þau geta jafnan verið annaðhvort forsetningar eða agnir; sögn sem tekur með sér forsetningu er kölluð forsetningarsögn, þ.e. „sögn sem tekur forsetningarlið sem fyllilið“ (Höskuldur Þráinsson 2005: 713), og sú sem tekur með sér ögn er að sjálfsgöðu kölluð agnarsögn. En hvort orðið á betur við þegar óskýrt eða ekki mikilvægt er hvort smáorðið er forsetning eða ögn? Í þeim tilvikum verður notað óvenjulegt orð, búið til sérstaklega til að gagnast kröfum þessarar ritgerðar: „smáorðasögn“ eða „smáorðasagnorð“. Von er að það muni gegna því sama hlutverki og orðasambandið *phrasal verb* á ensku, þ.e.a.s. vera notað þegar vafi leikur á því hvort

um ögn eða forsetningu er að ræða eða þegar aðgreiningin skiptir ekki máli. Annars staðar verður nákvæma orðið (t.d. „agnarsögn“) alltaf notað.¹

¹ Enska orðasambandið *phrasal verb* hefði að mestu leyti verið fullkomið til þessa tilgangs, en íslenska þýðingu á því er ekki að finna í ítarlegum listum af málfræðilegum hugtökum sem finna má í bókum eins og *Íslensk tunga III: Setningar* eftir Höskuld Þráinsson og fleiri (2005: 709–14). Þótt orðasambandið *verb phrase* sé til í íslensku, „sagnliður“, eru þessi tvö hugtök ekki nákvæmlega það sama á ensku, og maður myndi ekki nauðsynlega nota þessi orðasambönd sem jafngild. Hefðbundnu skilgreiningarnar sem finnast í uppflettiritum fyrir almenning eins og *Concise Oxford English Dictionary* (2011) eru: „verb phrase [...] 1 a verb with another word or words indicating tense, mood, or person. 2 a phrasal verb“; og „phrasal verb [...] an idiomatic phrase consisting of a verb and an adverb or preposition, as in *break down* or *see to*.“ Í orðabók miðaðri að málvísindamönnum er *verb phrase* „a group of verbs which together have the same syntactic function as a single verb, e.g. *is coming*, *may be coming*“ og *phrasal verb* „[a] verb followed by a non-verbal particle (similar in form to a preposition or an adverb)“ (Crystal 2008: 510). Svo er einnig til önnur skilgreining orðasambands „sagnliður“, sé það á íslensku eða ensku, sem tengd er málkunnáttufræði, þar sem sagnliðurinn einn tekur með sér heila umsögn setningarinnar (sbr. Crystal 2008: 510). Slík skilgreining er allt of víð til að vera nytsöm markmiðum þessarar ritgerðar, og sú sem finnst í *Íslenskri orðabók* (2010) samsvarar þessu að nokkru leyti: „[sagnliður er] hluti setningar sem hýsir sögn ásamt andlagi (andlögum) hennar eða öðrum setningarhlutum sem henni tengjast (e. *verb phrase*)“ (bls. 818). Í íslensku fræðibókunum sem lesnar voru fyrir þessa ritgerð notuðu höfundarnir yfirleitt orðin „agnarsögn“ og „forsetningarsögn“, eða aðeins „sögn“. Mér finnst það ekki nógu nákvæmt að tala um „agnarsögn“ eða „forsetningarsögn“ þegar það er óskýrt hvort um ögn eða forsetningu er að ræða eða þegar hvor tveggja gildir, og að segja aðeins „sögn“ er enn víðara og óskýrara. Það vantar orð, að mínu mati.

Lesandinn mun fyrirgefa mér svona langa útskýringu, en sem rannsakandi með reynslu í málvísindum og ensku sem móðurmál var það afar mikilvægt að skilja þessi smáatriði sundur áður en byrjað var að skrifa – að vera án skýrra fræðilegra orða er að vera án undirstöðu – og það er von mín að hjálpa öðrum sem lenda í slíkum vandræðum. Þess vegna ákvað ég að nota nýja orðið og skilgreininguna sem má finna hér að ofan í aðaltextanum.

2 Fyrri umræður & rannsókn

HEFÐBUNDIN ORÐFLOKKUN SEM SJÁ MÁ í málfræði- og kennslubókum – nafnorð, sagnorð, lýsingarorð o.s.frv. – virðist, að minnsta kosti í eldri bókum, yfirleitt ekki gera á neinn hátt grein fyrir smáorðasögnum. Þegar höfundar minnast á þær eru smáorðin í þeim yfirleitt túlkuð annaðhvort sem forsetningar eða atviksorð. En oftast er ekki er samsetning sagnorðs og smáorðs ekki nefnd. Hér á eftir eru gefin dæmi um það sem sagt er í litlu úrvali af málfræði- og kennslubókum um íslensku.

Í hinni ítarlegu bók *Isländische Grammatik* eftir Bruno Kress (1982) er ekkert að finna um smáorðasagnir undir köflunum um sagnir og atviksorð; örfá dæmi sjást undir kafla um forsetningar, eins og *ganga upp* (bls. 188). Ekkert finnst í *Icelandic Grammar* eftir Stefán Einarsson (1946), þar sem aðeins er tilgreint að sum atviksorð, t.d. *upp* og *inn*, eru oft notuð hjá sagnorðum sem tengjast hreyfingu (bls. 107). Í báðum bókunum *Praktisk lærebog 1: Islandsk nutidssprog* eftir Sigfús Blöndal og Ingeborg Stemann (1953) og *Isländisch: Eine Übersicht über die moderne isländische Sprache* eftir Magnús Pétursson (1978) er ekki minnst á smáorðasagnir, og eina dæmið finnst undir köflunum um forsetningar, þar sem *tala um* er notað til að sýna að *um* stýrir þolfalli (Sigfús Blöndal 1953: 129; Magnús Pétursson 1978: 125). Þrátt fyrir það að orðið *um* sé í þessu tilviki einmitt forsetning, er merkilegt að höfundarnir fundu aðeins gagn að þessu varðandi fallstjórn, að sterku merkingarlegu tengslin á milli *tala* og *um* sé hvergi til umræðu. Maður þarf ekki að hugsa lengi til að skilja að það er í rauninni sérstakt samband milli þessara orða sem sést ekki milli, til dæmis, *tala* og *oft* eða *tala* og *sjaldan* eða *mjög sjaldan* eða *yfirleitt mjög sjaldan* o.s.frv. Einnig kemur fljótt í ljós að þetta samband hefur aðra merkingu en aðeins sögnin ein og sér: *að tala um persnesku* er ekki það sama og *að tala persnesku*, og þó að orðasambandið *að tala um húsið* sé eðlilegt og skiljanlegt er orðasambandið **að tala húsið* með öllu ótækt. Þessi aðferð að ræða um samsetningu orðs og smáorðs aðeins með tilliti til forsetninga er einnig vanhugsuð: einkennandi hjá forsetningum er fallstjórn þeirra en það er greinilegt að *til* í orðasambandinu *að vera til* og slíkum dæmum stýrir engu falli. Nánar verður rætt um það í þriðja kafla. Punkturinn hér er að þegar litið er í margar málfræðibækur kemur þetta flókna málfræðilega og merkingarfræðilega fyrirbæri ekki til sögunnar.

En spurningin sem manni dettur í hug, þegar litið hefur verið á þessar tilraunir til að skilja smáorðasagnir, er af hverju er ekki minnst á þetta samband sagna og smáorða? Af hverju er ekki beint talað um sagnir og agnir sem þeim fylgja? Ein af ástæðunum, sérstaklega í eldri málfræðibókum, er kannski hefðbundna orðaflokkun-

arkerfið, þar sem höfundar einbeita sér aðallega að sagnaflokkun – veik eða sterk sögn o.s.frv. – (sögulegri) orðhlutafræði og fallbeygingu. Gömul hefð getur ráðið miklu um það sem er sagt, eins og stundum má sjá þegar orðið *sem* er flokkað sem „tilvísunarfornafn“ þegar það í raun og veru hefur ekkert sameiginlegt með fornöfnum heldur smáorðum (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005: 63, 92–3), hugsanlega vegna þess að í indóevrópskum tungumálum, þar sem löng og áhrifamikil hefð er fyrir ritun málfræðilýsinga, sérstaklega í latínu og (forn)grísku, uppfylla „eiginleg“ fornöfn allar kröfur þessa setningafræðilega hlutverks. Það sama gæti auðveldlega gilt þegar um eðli og flokkun sagnorða er að ræða af því að agnarsagnafyrirbæri er yfirleitt ekki stór hluti af málkerfinu í þeim tungumálum.

Önnur ástæða gæti verið sú að það er oft erfitt að segja nákvæmlega til um hvort um forsetningu eða ögn er að ræða, og hver munurinn á milli þeirra – og milli þeirra og annarra atviksorða – er. Sérstaklega þegar málfræðihandbækur eru athugaðar er skýrleiki afar mikilvægur og það er því kannski auðveldara að setja orð eins og *til* í *búa til* í ákveðinn hóp af svokölluðum undantekningum meðal forsetninga, eins og gert er til dæmis í *Kennslubók í íslenskri málfræði handa framhaldsskólum* eftir Halldór Halldórsson (1956: 118), en að ræða mikið um flókna hegðun agna, orða sem sýnast í útliti vera sama eðlis en eru það ekki.

Ítarlegri umfjöllun um þetta verður í næsta hluta, en hér mun duga að minnast á merkilegt dæmi um þessa „einföldun“. Málvísindamaðurinn Höskuldur Þráinsson hefur skrifað mikið um sagnir og agnir og agnarsagnir og án rita hans myndi þessi ritgerð ekki vera til. En í bókinni *Handbók um málfræði* (2006) finna agnir sér hvergi stað og hugtökin „ögn“ og „sagnarögn“ eru ekki notuð í „málfræðiorðabókinni“ sem myndar fyrsta helming bókarinnar. Það helsta sem nefnt er í bókinni um einhverja ögn er að *til* í orðasambandinu *taka til* og *út* í *henda út* séu atviksorð en ekki forsetningar; ekkert er fjallað um þetta undir hlutanum um atviksorð (bls. 245–8). Það er því áhugavert að höfundur sem er yfirleitt svona nákvæmur í greiningu orðflokka minnst ekki á þetta í handbók handa námsmönnum. Í formála hennar er skýrt frá því að hún sé miðuð að „kennslustundum í móðurmáli“ (bls. 11). Er smáorðasagnafyrirbærið því talið vera sjálfgefið, að útskýring sé óþörf málhöfunum með íslensku sem móðurmál?

Í ljósi þessa er ómaksins vert að geta um að langfyllsta umræða í handbókum um íslensku sem skoðaðar voru í rannsókninni um smáorðasagnir fannst í litáísku bókinni *Islandų kalbos gramatika* eftir Rasa Ruseckienė (2013). Hér er vert að taka fram í því sambandi að smáorðasagnafyrirbærið kemur miklu sjaldnar fyrir í litáísku, hugsanlega af því að sagnorðaforskeyti gegna að miklu leyti því starfi. Í lok kaflans um sagnorð er sagt að „[i]slandų kalba turtinga veiksmazodžių, kurie valdo vieną ar kitą prielinksniį ir sudaro su juo nedalomą semantinę visumą, dažnai turédami kitokią reikšmę nei tas pats veiksmazodis be prielinksnio“ (bls. 134).¹ Eins og *phrasal verb* á ensku er hugtakið kallað á litáísku „Fraziniai veiksmazodžiai“. Listi af fjórtán dæmigerðum sagnorðum er þá gefinn sem sýnir hvernig smáorðin breyta merkingu sagnanna. Þótt það sé að vísu vafasamt að kalla smáorðin „forsetningar“ er mikilvægt

að benda á að Ruseckiené gerir grein fyrir einu aðaleinkenna þessara sagnliða, það að sagnorðið og smáorðið mynda saman merkingarlega heild.

¹ „Íslenska er rík af sagnorðum sem taka með sér einhvers konar forsetningu og mynda með henni heila merkingarfræðilega einingu, sem oft hefur aðra merkingu en sama sagnorðið án forsetningarinnar.“ (þýðing mín)

3 Skilgreiningar

ÞEGAR UM SMÁORÐ ER RÆTT Í þessari ritgerð er aðallega átt við agnir, atviksorð og forsetningar, því er nytsamlegt að finna skilgreiningar fyrir þessi orð sem hægt er að vinna með. Hæfilegasta byrjunin er þá *Íslensk orðabók* (2010) þar sem þau eru útskýrð þannig:

atviksorð НК мál- og bragðfræði • orð (af sérstökum orðflokki) sem einkum segir til um hvernig, hvenær og hversu mjög e-ð gerist, yfirleitt óbeygjanlegt, kveður nánar á um sagnorð, lýsingarorð og önnur atviksorð (t.d. *vel, saman, nú, þar* (skammst. ao. (atvo.)) (*adverbium*)

(bls. 34)

forsetning КVK мál- og bragðfræði • smáorð sem stýrir falli (t.d. *af, frá, til, um*) (skammst. fs.) (*praepositio*) ⇒ **forsetningarliður** forsetning ásamt því orði eða orðasambandi sem tekur fallstjórn hennar

(bls. 252)

ögn *agnar, agnir* КVK [...] мál- og bragðfræði atviksorð sem myndar merkingarlega heild með sögn sem það stendur með, stýrir ekki falli (þótt sögn með ögn geti gert það), myndar ekki sérstakan setningarlið með eftirfarandi fallorði og getur ekki staðið næst á undan fornafni (t.d. *í og upp í gefa í og taka upp*), sagnarögn

(bls. 1239)

Þessar skilgreiningar eru skýrar og duga að mestu leyti, og í þeim er auðvelt að koma auga á gallana í öðrum rökum, til dæmis að segja að *upp* í *taka upp* sé forsetning; sérstaklega mætti sjá annmarka á þeim útskýringum og kenningum sem gera ekki grein fyrir ögnum. Það yrði þess vegna vænlegra að fara nánar yfir skilgreiningu orðanna, með sérstakri áherslu á orðið „ögn“, til að sjá hvernig hún tengist hinum orðategundunum tveimur og hvernig fræðimenn hafa reynt að skilja hegðun agna án þess að nefna þær.

En áður en við byrjum á því að fara dýpra í merkingu agna og hegðun þeirra, er þarft að benda á tvö önnur gagnleg atriði úr *Íslenskri orðabók*: i) listi þar sem sýnt er bæði hvaða smáorð mynda oftast merkingarlega einingu með hverju sagnorði, þannig

SKILGREININGAR

að	framan í	niðri	upp eftir
af	framan úr	niður	upp fyrir
aftan í	frammi	niður af	upp hjá
aftan úr	frá	niður á	upp í
aftur	fyrir	niður fyrir	upp með
aftur af	fyrir framan	niður í	upp til
aftur á	fyrir um	niður um	upp undir
aftur úr	gegn	niður úr	upp úr
á	gegnum	niður við	upp við
á bak	heim	nær	uppi
á bak við	heima	nærri	uppi á
á brott	hjá	of	uppi í
á burt	inn	ofan	utan
á eftir	inn á	ofan af	utan að
á með	inn í	ofan á	utan af
á milli	inn með	ofan fyrir	utan á
á mis	inn um	ofan í	utan hjá
á móti	inn undir	ofan um	utan í
á um	innan	ofan úr	utan með
á við	innan í	ofan yfir	utan um
áfram	innan úr	saman	utan undir
án	innar	saman með	utan úr
ásamt	inni	saman um	úr
bak við	í	saman við	úr við
brott	í brott	sundur	út
burt	í frammi	til	út af
burtu	í gegn	til baka	út af við
eftir	í gegnum	til í	út á
fjarri	í kring	til með	út frá
fram	í kringum	til við	út í
fram af	í milli	um	út um
fram á	í móti	um fyrir	út undan
fram fyrir	í sundur	umfram	út undir
fram hjá	í við	undan	út úr
fram í	kringum	undir	út yfir
fram undan	með	undir í	úti
fram undir	milli	upp	úti um
fram úr	móti	upp að	úti við
fram yfir	neðan	upp á	yfir
framan á	neðan við	upp á milli	yfir um

Listi af smáorðum notuðum í sambandi við sagnorð, eins og þau voru tekin saman í þriðju gerð *Íslenskrar orðabókar* (Kristín Bjarnadóttir 2001: 108).

að hann er afar nytsamur í rannsókninni, og ii) hvaða smáorð, eða hópur smáorða, eru viðurkennd sem hluti af smáorðasögnum. Listann má sjá á bls. 9.

Hægt er nú að sjá að smáorðafjöldi er alls ekki lítill: 272 smáorð eða smáorðasamsetningar. Þess merkilegra er hversu sjaldan sagnir sem taka smáorð með sér eru gerðar að umræðuefni í málfræðihandbókum. En hvaða tegundir smáorða eru þetta? Forsetningar, agnir eða önnur atviksorð? Í raun og veru geta mörg þeirra verið sett í fleiri en einn kassa. Snúum okkur aftur að skilgreiningamálinu.

Best er að byrja á því sem auðveldast er að fjalla um. Í fræðilegum heimildum er oftast skrifað um eðli forsetninga í stuttu máli, vegna þess að ekki er þörf á lengri útskýringum. Mikilvægustu eiginleikar þeirra eru i) að þær stýra falli eða föllum og ii) að þær eru óbeygjanlegar. Eitt annað sem stundum er bent á er að forsetningar standa „ekki alltaf með fallorðum (eða nafnliðum)“ heldur einnig með skýringar- og nafnháttarsetningum, sem byrja aðallega á *að* (Höskuldur Þráinsson 2005: 107–8), t.d. *að hugsa um málið* (fallorð), *að hugsa um að frændi minn hafi keypt sér hús* (skýringarsetning) og *að hugsa um að mála veggina* (nafnháttarsetning).

Útskýring á atviksorðum er einnig frekar hefðbundin í fræðilegu heimildunum, og samsvarar þeirri skilgreiningu sem gefin er á bls. 8. Ýmsar tegundir eru til, meðal þeirra áhersluatviksorð (*mjög, ofsalega*), háttaratviksorð (*vel, illa*), tíðaratviksorð (*nú, lengi*), staðaratviksorð (*þar, heima*), spurnaratviksorð (*hvenær, hvernig*), ásamt neitunaratviksorðum (*ekki, ei*).

Tengsl milli forsetninga og atviksorða eru á hinn bóginn miklu flóknari og hafa ósjaldan verið til umræðu. Náskýlt eðli þeirra er greinilegt þegar maður lítur í *Íslenska orðabók*, þar sem orð eins og *við, upp*, og *austan* eru talin sem bæði atviksorð og forsetningar (sjá Höskuld Þráinsson 2005: 111); á setningafræðilegu stigi er einnig hægt að segja að „sérstakur skyldleiki sé milli forsetningarliða og atviksliða“ og að þeir hafi „býsna svipaða dreifingu“ (Höskuldur Þráinsson 1999: 127–8). Þessi skyldleiki hefur stundum verið notaður til að útskýra afbrigðileg fyrirbæri sem gerast í tungumálinu, sem dæmi þolfall á eftir áhrifslausri sögn eða óvenjulegt fall með einhverri forsetningu:

Við skulum nú athuga setninguna **konan gekk upp stigann**. Sögnin í setningunni (**gekk**) er áhrifslaus hreyfingarsögn. Orðið **upp** er að uppruna atviksorð, og þolfall fallorðsins er í fyrstu óháð sögn og atviksorði. Í málvitund nútímamanna er fallið hins vegar háð orðinu **upp**, og er hið upprunalega atviksorð þannig orðið að forsetningu í þessu sambandi.

(Halldór Halldórsson 1956: 123)

Hvar passa þá agnir í kerfið? Fyrsta spurningin er, hvað eru þær? Eiríkur Rögnvaldsson skrifar: „[Agnir] eru ekki skýrt afmarkaður flokkur, heldur ýmis smáorð (oftast eins í útliti og einhver fs. [forsetning] eða ao. [atviksorð]), sem eru talin mynda einhvers konar merkingarheild með sögnum“ (1990: 104–5). Greinilega skilgreinir hann þær ekki sem dæmigerð atviksorð. Í *Íslenskri orðabók* eru agnir kallaðar

atviksorð, sem er einnig það sem sést hjá Höskuldi Þráinssyni en hann telur að þær séu „sérstakur undirflokkur atviksorða“ (1999: 54). En þá má spyrja hvaða tegund atviksorða þær tilheyra. Augljóst er að þær eru ekki áhersluatviksorð eða spurnaratviksorð, né heldur neitunaratviksorð. Agnir eins og *upp* og *út* mætti setja hjá staðaratviksorðum eða háttaratviksorðum, en það getur verið erfitt að ákveða; líklegast ætti að bæta öðrum flokki við, sem sagt stefnuatviksorðum, ef maður vill fá fyllri mynd af eðli atviksorða.¹ Að aðgreina agnir og atviksorð er, eins og hér má sjá, ekki einfalt mál. Er þá nauðsynlegt að vinna með tvo flokka? Er jafnvel munur milli þeirra? Samkvæmt sumum málvísindamönnum, já. Að einhverju leyti er munurinn merkingarfræðilegur: „Munurinn á venjulegum atviksorðum og sagnarögnum er sá að agnirnar eru í miklu nánari tengslum við sagnorð en venjuleg atviksorð eru yfirleitt“ (Höskuldur Þráinsson 2005: 228); og að öðru leyti setningafræðilegur: „Grundvallar-munurinn felst því í mismunandi stöðu agna og ao. í djúperð setninga; agnir eru taldar standa næst sögninni en venjuleg ao. hins vegar aftast í setningu“ (Eiríkur Rögnvaldsson 1990: 106).

Þótt ekki sé eitt markmiða ritgerðarinnar að fara djúpt í setningafræði, yrði það án efa fræðandi að skoða hegðun allra þessara smáorða í tengslum við sagnorðin.

¹ Sbr. Höskuldur Þráinsson (2007: 145): „particles are often homophonous with some prepositions [...] although they can also be homophonous with directional adverbs“ (mín undirstrikun).

4 Eðli og notkun agnar- & forsetningarsagna

EINS OG SAGT VAR HÉR AÐ FRAMAN eru forsetningar, agnir og atviksorð afar nátengd hvert öðru, hvort sem um er að ræða setningafræðilega hegðun eða útlit. En munurinn er til staðar, sérstaklega sé orðflokkunum skipt í tvo hópa og forsetningar eru í öðrum þeirra en atviksorð ásamt ögnum í hinum.

Fyrst í stað er nauðsynlegt að staðfesta að í eðli sínu gilda öll orðin í forsetningarsögn sem ein merkingarleg heild. Þetta sést auðveldlega þegar maður lítur á samheiti.

- (1) a. Ég snerti bókina. Ég kom við bókina.
b. Hún kláraði matinn. Hún lauk við matinn.
c. Hann leysti hnútinn. Hann losaði um hnútinn.
d. Þau opnuðu ekki kranann. Þau skrúfuðu ekki frá krananum.
- (Höskuldur Þráinsson 2005: 33)

Í dæmum (1 a–d) má sjá að tveggja orða forsetningasagnirnar merkja það sama og eins orðs samheitin, t.d. *koma við* er það sama og *snerta*. Merking hefur ekkert að gera með hversu mörg orð eru í orðasambandi en þetta samband í heild sinni skapar merkinguna.

Annað sem vert er að nefna í byrjun er að það að finna sagnorð sem stendur rétt hjá forsetningu eða forsetningarlið þýðir ekki að það sé forsetningarsögn. Forsetning stýrir sínum eigin lið og má finna á mörgum stöðum í setningunni, meðal annars beint við hliðina á sögn.

- (2) a. Jón datt á svellinu.
b. María svaf í vatnsrúmi.
c. Lambið dó um kvöldið.
d. Guðmundur skokkar á morgnana.
- (Höskuldur Þráinsson 2005: 34)

Þetta á í setningu (2 a) er hér ekki forsetningarsögn, þótt hún sé til í öðru samhengi. Sofa í, deyja um og skokka á í (2 b–d) eru heldur ekki til sem einingar, að minnsta kosti ekki í orðabókum. Undirstrikuðu forsetningaliðirnir í (2 a–d) segja okkur hvar eða hvenær atburðurinn gerist. Engin nánari merkingartengsl eru milli sagnarinnar og forsetningarinnar og forsetningarliðirnir breyta ekki merkingu sagnorðsins.

En hvernig hegða viðurkenndar forsetningarsagnir sér? Í þeim fræðilegu ritum sem

liggja til grundvallar rannsókninni voru rökræður um þessa spurningu ekki fyrirferðarmiklar. Reglurnar eru vel viðurkenndar. Hér eru tvö dæmi með forsetningarsögnum *að horfa á e-ð* og *að gera við e-ð*; bæði finnast í *Íslenskri orðabók*. Dæmin í (3) a, b, c, e og f eru úr bók Höskuldar Þráníssonar (1999: 54). Ég bætti hinum dæmunum við vegna þess að þessar samsetningar voru ekki til umræðu í heimildunum.¹

- | | |
|--|---|
| (3) a. Fjöldi manns horfði <u>á stúlkuna</u> . | Tveir lærlingar gerðu <u>við bílinn</u> . |
| b. Þeir horfðu <u>á hana</u> . | Þeir gerðu <u>við hann</u> . |
| c. <u>Á stúlkuna</u> horfði fjöldi manns. | <u>Við bílinn</u> gerðu tveir lærlingar. |
| d. <u>Á hana</u> horfði fjöldi manns. | <u>Við hann</u> gerðu tveir lærlingar. |
| e. *Þeir horfðu <u>stúlkuna á</u> . | *Þeir gerðu <u>bílinn við</u> . |
| f. *Þeir horfðu <u>hana á</u> . | *Þeir gerðu <u>hann við</u> . |
| g. * <u>Á</u> horfðu þeir <u>stúlkuna</u> . | * <u>Við</u> gerðu þeir <u>bílinn</u> . |
| h. * <u>Á</u> horfðu þeir <u>hana</u> . | * <u>Við</u> gerðu þeir <u>hann</u> . |
| i. *Þeir <u>á stúlkuna</u> horfðu. | *Þeir <u>við bílinn</u> gerðu. |
| j. *Þeir <u>á hana</u> horfðu. | *Þeir <u>við hann</u> gerðu. |
| k. <u>Stúlkann</u> sem þeir horfðu <u>á</u> . | <u>Bílinn</u> sem þeir gerðu <u>við</u> . |
| l. <u>Hún</u> sem þeir horfðu <u>á</u> . | <u>Hann</u> sem þeir gerðu <u>við</u> . |
| m. * <u>Á stúlkuna</u> sem þeir horfðu. | * <u>Við bílinn</u> sem þeir gerðu. |
| n. * <u>Á hana</u> sem þeir horfðu. | * <u>Við hann</u> sem þeir gerðu. |
- (aðhæft úr Höskuldi Þráníssyni 1999: 54)

Setningarnar (3 a–j) eru einfaldar setningar og (3 k–n) hins vegar samsettar, þ.e. þær hafa tilvísunarsetningar. (3 a–d) og (3 k–l) eru allar tækar, séu þær með *horfa á* eða *gera við* sem sögn; hinar eru það ekki. Í þessum dæmum má sjá mynstur og út frá þeim taka saman notkunareglur forsetninga og forsetningarliða á eftirfarandi hátt:

1. Forsetning getur ekki staðið á eftir fallorði sem hún stýrir í einfaldri setningu. (3 e–f)
2. Forsetning getur ekki staðið alein aðskilin frá fylliliðnum sínum í einfaldri setningu. (3 g–h)
3. Forsetning forsetningarsagnar má standa alein í auka- eða tilvísunarsetningu þar sem rökrænn fylliliður hennar er skýr vegna móðursetningarinnar. (3 k–l; sjá t.d. Höskuld Þránísson 2005: 183–5)
4. Forsetningarlið má færa sem heild fremst í setningu í einfaldri setningu. (3 c–d)
5. Forsetningarliður má ekki standa milli frumlags og sagnar. (3 i–j)
6. Forsetningarliður getur ekki farið úr aukasetningu og „orðið að“ móðursetningu. (3 m–n)
7. Það skiptir engu máli hvort fylliliður forsetningarinnar sé nafnorð eða fornafn, hegðunin er sú sama. (3 a–m: *stúlkuna* ~ *hana*, *bílinn* ~ *hann*)

- | | | |
|-----|---|---------------------------------------|
| (4) | a. Hún minntist á <u>frænda sinn</u> . | Hún minntist á <u>hann</u> . |
| | b. *Hún minntist <u>frænda sinn á</u> . | *Hún minntist <u>hann á</u> . |
| | c. <u>Á frænda sinn</u> minntist hún. | <u>Á hann</u> minntist hún. |
| | d. * <u>Á</u> minntist hún <u>frænda sinn</u> . | * <u>Á</u> minntist hún <u>hann</u> . |
| | e. *Hún á <u>frænda sinn</u> minntist. | *Hún á <u>hann</u> minntist. |
| | f. <u>Frændinn</u> sem hún minntist á. | <u>Hann</u> sem hún minntist á. |
| | g. * <u>Á frænda</u> sem hún minntist. | * <u>Á hann</u> sem hún minntist. |
- (setningar mínar)

Setningarnar í (4 a–e) eru einfaldar og (4 f–g) samsettar. Það má sjá að notkunarreglur forsetningarsagna í miðmynd eru nákvæmlega þær sömu og hjá sögnum í germynd: forsetningin getur ekki staðið alein í einfaldri setningu (4 d), ekki heldur á eftir fyllilið sínum (4 b), en má vera alein í aukasetningu (4 f); forsetningarliður má vera fremst í einfaldri setningu (4 c) en ekki á milli frumlags og sagnar (4 e), og má heldur ekki færast úr tilvísunarsetningu að móðursetningu (4 g). Hegðunin er sú sama hvort sem fylliliðurinn er nafnorð (*frændi sinn*) eða fornafn (*hann*).

Gildir hið sama í þolmynd? Samkvæmt heimildunum virðist svarið vera „nei“: „[Það] er ekki hægt að búa til þolmyndarsetningu úr dæmunum með forsetningarsögnunum en það er auðvelt þegar áhrifssagnirnar eiga í hlut“ (Höskuldur Þráinsson 2005: 33–4; sjá einnig Höskuldur Þráinsson 2007: 165). Skýr dæmi eru gefin:

- | | | |
|-----|-----------------------------|---------------------------------|
| (5) | a. Ég snerti bókina. | Ég kom við bókina. |
| | b. Hún kláraði matinn. | Hún lauk við matinn. |
| | c. Hann leysti hnútinn. | Hann losaði um hnútinn. |
| | d. Þau opnuðu ekki kranann. | Þau skrúfuðu ekki frá krananum. |
- (Höskuldur Þráinsson 2005: 33)
- | | | |
|-----|------------------------------|---------------------------------|
| (6) | a. Bókin var snert. | *Bókin var komin við. |
| | b. Maturinn var kláraður. | *Maturinn var lokinn við. |
| | c. Hnúturinn var leystur. | *Hnúturinn var losaður um. |
| | d. Kraninn var ekki opnaður. | *Krananum var ekki skrúfað frá. |
- (Höskuldur Þráinsson 2005: 34)

Setningarnar í (5 a–d) eru allar í germynd og sýna hvernig tveggja orða forsetningarsögn getur merkt það sama og eins orðs áhrifssögn, t.d. *snerta* er samheiti við *koma við* (5 a). Setningarnar í (6 a–d) eru sömu setningar sýndar í þolmynd og greinilegt er að þolmyndarsetningin með forsetningarsögninni *koma við* í setningunni (6 a) er með öllu ótæk en hins vegar er setningin með merkingarlegu jafngildi forsetningarsagnarinnar, þ.e. með áhrifssögninni *snerta*, eðlileg og tæk setning. Hið sama gildir um setningapörin í (6 b–d).

En þessi framsetning er villandi. Í bókum, blaðagreinum og jafnvel þeim fræðibókum sem lesnar voru til rannsóknar fundust næg dæmi af smáorðasögnum í

setningum af þolmyndargerðinni. Nokkur dæmi munu duga að sýna þetta.

Það hefur verið langvarandi skortur á íþróttaaðstöðu í Vesturbænum sem hefur mikið verið kvartað yfir við okkur borgarfulltrúa [...]

(blaðagrein – Þórgnýr Einar Albertsson 2016f)

Um hana var fjallað dálítið hér að framan [...]

(fræðibók – Höskuldur Þráinsson 1999: 136)

Það er ekki boðið upp á veitingar í miðasölunni.

(skáldsaga – Jodi Picoult 2013: 12)

Hér má sjá að forsetningarsagnir geta verið í þolmyndarsetningum. Sem dæmi, *að fjalla um e-ð* er greinileg og viðurkennd forsetningarsögn og *að vera fjallað um* er greinileg og viðurkennd þolmynd. Spurningin er því ekki hvort það sé mögulegt að hafa þær í þolmyndargerð heldur í hvaða tegund þolmyndarsetninga forsetningarsagnir geta verið. Það sést í þessum dæmum að það er „ekkert raunverulegt frumlag“ (Höskuldur Þráinsson 2006: 176–7) – gervifrumlagið *það* gildir að sjálfsögðu ekki – en gerðin er án efa þolmynd. Hér er um ópersónulega þolmynd að ræða, og í henni haga forsetningarsagnir sér á nákvæmlega sama hátt og aðrar sagnategundir. Það væri því miklu skýrara að segja að orð sem forsetning forsetningarsagnar stýrir getur ekki verið í þolmyndargerð (sjá Höskuldur Þráinsson 2007: 262–5 fyrir fyllri umræðu).

Agnarsagnir fylgja að mestu leyti sömu reglum og forsetningarsagnir. Dreifing þeirra er svipuð en nokkur munur er samt á. Skoðum dæmi um setningar með agnarsögnunum *taka upp* og *færa til* eins og var gert með forsetningarsagnir í (3) og (4).

- | | | |
|-----|--|--|
| (7) | a. Ólafur tók <u>upp kartöflurnar</u> . | Ólafur færði <u>til bækurnar</u> . |
| | b. *Ólafur tók <u>upp þær</u> . | *Ólafur færði <u>til þær</u> . |
| | c. * <u>Upp kartöflurnar</u> tók Ólafur. | * <u>Til bækurnar</u> færði Ólafur. |
| | d. * <u>Upp þær</u> tók Ólafur. | * <u>Til þær</u> færði Ólafur. |
| | e. Ólafur tók <u>kartöflurnar upp</u> . | Ólafur færði <u>bækurnar til</u> . |
| | f. Ólafur tók <u>þær upp</u> . | Ólafur færði <u>þær til</u> . |
| | g. * <u>Upp</u> tók Ólafur <u>kartöflurnar</u> . | * <u>Til</u> færði Ólafur <u>bækurnar</u> . |
| | h. * <u>Upp</u> tók Ólafur <u>þær</u> . | * <u>Til</u> færði Ólafur <u>þær</u> . |
| | i. *Ólafur <u>upp kartöflurnar</u> tók. | *Ólafur <u>til bækurnar</u> færði. |
| | j. *Ólafur <u>upp þær</u> tók. | *Ólafur <u>til þær</u> tók. |
| | k. <u>Kartöflurnar</u> (nf.) sem hann tók <u>upp</u> . <u>Bækurnar</u> (nf.) sem hann færði <u>til</u> . | |
| | l. <u>Þær</u> (nf.) sem hann tók <u>upp</u> . | <u>Þær</u> (nf.) sem hann færði <u>til</u> . |
| | m. * <u>Upp kartöflurnar</u> sem hann tók. | * <u>Til bækurnar</u> sem hann færði. |
| | n. * <u>Upp þær</u> sem hann tók. | * <u>Til þær</u> sem hann færði. |
- (aðhæft úr Höskuldi Þráinssyni 1999: 52–3)

Setningarnar í (7 a–j) eru einfaldar og í (k–n) samsettar. Setningarnar í (7 b–d), (g–j) og (m–n) eru ótækar en setningarnar í (7 a), (e–f) og (k–l) hins vegar tækar. Þegar litið er á þessi dæmi er hægt að gera grein fyrir þessum reglum:

1. Ögnin getur staðið á eftir fallorði sem sögnin stýrir í einfaldri setningu. (7 e–f)
2. Ögnin getur staðið alein fremst í einfaldri setningu. (7 g–h)
3. Ögn agnarsagnar má standa alein í auka- eða tilvísunarsetningu þar sem rökrænt andlag sagnorðsins er skýrt vegna móðursetningarinnar. (7 k–l)
4. Ögn ásamt andlagi sagnorðsins má ekki færa sem heild fremst í setningu í einfaldri setningu. (7 c–d)
5. Ögn ásamt andlagi sagnorðsins má ekki standa milli frumlags og sagnar. (7 i–j)
6. Ögn ásamt andlagi sagnorðsins getur ekki farið úr aukasetningu og „orðið að“ móðursetningu. (7 m–n)
7. Það skiptir máli hvort andlag agnarsagnarinnar sé nafnorð eða fornafn: fornafnsandlag getur ekki verið á eftir ögnina en nafnorðsandlag getur það. (7 b)

Skýrt er nú orðið að munur á milli agnar- og forsetningarsagna er til staðar. Það væri hagkvæmt að skoða eina forsetningarsögn og eina agnarsögn saman, til að geta greinilega séð þennan mun.

<p>(8) FORSETNINGARSÖGN</p> <p>a. Fjöldi manns horfði á <u>stúlkuna</u>.</p> <p>b. Þeir horfðu á <u>hana</u>.</p> <p>c. <u>Á stúlkuna</u> horfði fjöldi manns.</p> <p>d. <u>Á hana</u> horfði fjöldi manns.</p> <p>e. *Þeir horfðu <u>stúlkuna á</u>.</p> <p>f. *Þeir horfðu <u>hana á</u>.</p> <p>g. *<u>Á</u> horfðu þeir <u>stúlkuna</u>.</p> <p>h. *<u>Á</u> horfðu þeir <u>hana</u>.</p> <p>i. *Þeir <u>á stúlkuna</u> horfðu.</p> <p>j. *Þeir <u>á hana</u> horfðu.</p> <p>k. <u>Stúlkann</u> sem þeir horfðu <u>á</u>.</p> <p>l. <u>Hún</u> sem þeir horfðu <u>á</u>.</p> <p>m. *<u>Á stúlkuna</u> sem þeir horfðu.</p> <p>n. *<u>Á hana</u> sem þeir horfðu.</p>	<p>AGNARSÖGN</p> <p>Ólafur færði <u>til bækurnar</u>.</p> <p>*Ólafur færði <u>til þær</u>.</p> <p>*<u>Til bækurnar</u> færði Ólafur.</p> <p>*<u>Til þær</u> færði Ólafur.</p> <p>Ólafur færði <u>bækurnar til</u>.</p> <p>Ólafur færði <u>þær til</u>.</p> <p>*<u>Til færði</u> Ólafur <u>bækurnar</u>.</p> <p>*<u>Til færði</u> Ólafur <u>þær</u>.</p> <p>*Ólafur <u>til bækurnar</u> færði.</p> <p>*Ólafur <u>til þær</u> tók.</p> <p><u>Bækurnar</u> (nf.) sem hann færði <u>til</u>.</p> <p><u>Þær</u> (nf.) sem hann færði <u>til</u>.</p> <p>*<u>Til bækurnar</u> (nf./þf.) sem hann færði.</p> <p>*<u>Til þær</u> (nf./þf.) sem hann færði.</p> <p>(aðhæft úr Höskuldi Þráinssyni 1999: 52–4)</p>
--	--

Í (8) eru tveir listar sem voru gefnir áður, annar með forsetningarsögninni *að horfa á* og hinn með agnarsögninni *að færa til*. Setningarnar í (8 a–j) eru einfaldar og í (k–n) samsettar. Setningarnar í (8 a) og (g–n) eru jafn (ó)tækar, skiptir ekki máli hvort um

forsetningar- eða agnarsögn sé að ræða. Setningarnar í (8 a–f) eru hins vegar ójafnar og þetta fer eftir eðli sagnarinnar í (8 c–f) eða andlagsins í (8 b), þ.e. hvort það er nafnorð eða fornafn. Svo má draga muninn milli hegðunar forsetningarsagna og agnarsagna þannig saman:

1. Ögn getur ekki staðið fyrir framan andlag sem er fornafn; forsetning er í eðli sínu tengd slíku fornafni og verður að standa fyrir framan það. (8 b)
2. Ögn getur ekki farið með andlaginu fremst í setninguna; forsetningu má færa og hún tekur fyllilið sinn með sér. (8 c–d)
3. Ögn getur staðið á eftir andlaginu, hvort sem það er fornafn eða nafnorð; forsetning getur það ekki. (8 e–f)

Þessar niðurstöður passa vel við það sem skrifað er í heimildunum. „Þessi smáorð [þ.e. agnir] líkjast oft forsetningum í útliti. Þau eru hins vegar frábrugðin þeim að því leyti að þau geta alls ekki staðið á undan áherslulausum fornöfnum“ (Höskuldur Þráinsson 2005: 34). En áherslan hér á að vera á „áherslulausum“. Eins og oft kemur fyrir, gætu verið ástæður þar sem samhengi leyfir gerðir sem annars væri ekki hægt. Höskuldur Þráinsson gerir grein fyrir því að stundum er mögulegt að setja ögnina fyrir framan fornafnið – en þá liggur áhersla á fornafninu.

- (9) a. *Magnús fletti upp þeim.
 b. Magnús fletti þeim upp.
 c. (?)Magnús fletti upp ÞEIM.

(Höskuldur Þráinsson 2007: 141)

Eins og sjá má er reglan yfir það að fornafn getur ekki staðið á eftir ögninni komin í vafa þegar fornafnið hefur áherslu í setningunni. Það er ekki erfitt að ímynda sér svona tilvik eins og í setningu (9 c) – „þeim og ekki hinum“ – en um þetta einstaka atriði virðist ekki vera mikið skrifað. Þar að auki er erfitt að sýna áherslu af þessu tagi í skrifuðu máli; það að nota aðeins hástafi, eins og í dæminu hér fyrir ofan, er ekki stílfræðileg venja í textategundunum sem skoðaðar voru til rannsóknar. Því verður ekki meira fjallað um þetta mál hér.

Einu sem má bæta við er sú staðreynd að ögnin stýrir ekki falli. Eins og sagt hefur verið er þetta alveg einkennandi í skilgreiningu agna. Ítarlega umfjöllun um málið má finna hjá Höskuldi Þráinssyni (2005: 135) þar sem hann prófar hvernig agnarsögnin að *halda e-u fram* hagar sér í setningum.

- (10) a. Hún hélt fram alls konar vitleysu.
 b. Hún hélt alls konar vitleysu fram.
 c. *Hún hélt fram því.
 d. Hún hélt því fram.
 e. ?*Hún hélt fram [að tunglið væri úr osti].

- f. ??Hún hélt fram því [að tunglið væri úr osti].
 g. Hún hélt því fram [að tunglið væri úr osti].
 h. ?*Hún hélt því [að tunglið væri úr osti] fram.
 i. Því [að tunglið væri úr osti] hefur oft verið haldið fram.
 j. Því hefur oft verið haldið fram [að tunglið sé úr osti].

(Höskuldur Þráinsson 2005: 135)

Setningarnar í (10 a–d) eru einfaldar, í (10 e–j) samsettar. Rökin fyrir því að segja að agnir stýri ekki falli sjást greinilega hér. Jafnvel þegar fylliliðurinn er tilvísunarnafnháttur (10 e–j; sjá Höskuld Þráinsson 2005: 424–5) fylgir smáorðið enn reglunum sem gilda fyrir agnir en ekki forsetningar, til dæmis að smáorðið (ögnin) fari á eftir fornafni en ekki fyrir framan (10 d, g). Einnig má benda á að ekkert vandamál fylgir því að færa *því* og allt sem því er tengt fremst í setninguna eins og sjá má í dæmi (10 i); hefði *fram* verið fallstjórnandinn (þ.e. forsetning) er vafasamt að það hefði verið hægt. Sbr. (3), (7) og (8).

Um setninguna í dæmi (10 h) skrifar Höskuldur: „Það kemur aftur á móti ekki á óvart að ögnin skuli ekki vilja fara á eftir svo stóru og fyrirferðarmiklu andlagi í heild“ (Höskuldur Þráinsson 2005: 135). Þetta leiðir af sér nýja spurningu, sem gildir aðeins fyrir agnarsagnir: Hversu stór má setningarhlutinn milli sagnar og agnar eða agna vera? Í grein eftir Halldór Ármann Sigurðsson er sagt að „í rauninni [sé] lengd setninga og setningarliða engin málfræðileg takmörk sett því að alltaf má bæta við fleiri afmörkunarliðum, t.d. lýsingarorðum eða aukasetningum“ (1996: 127). Þrátt fyrir það að engin málfræðileg takmörk væru til staðar myndu sjálfsagt mannleg og stílfræðileg takmörk hafa áhrif á lengdina. En að hvaða leyti? Þetta mál virðist vera aðallega tengt nafnliðum forsetningarliða, eða langri röð samsettra setninga, fremur en agnarsögnum. Sem dæmi má nefna setningarnar í (11).

- (11) a. Ég á húsið í skóginum við vatnið í dalnum handan fjallsins [...]
 b. Jón sagði að María teldi að Sigurður álitu að Kristján vissi að þetta væri ólöglegt.
 (Höskuldur Þráinsson 1999: 186–7)

Augljóst er að þessar setningar hafa ekkert með agnir og fjarlægð þeirra frá sögninni að gera en þær sýna vel hvernig setning getur verið framlengd á málfræðilegan hátt. Í textunum sem lesnir voru birtast næstum engin dæmi þar sem ögn og sögn voru skildar hvor frá annarri af fleiri en tveimur eða þremur orðum. Aðallega var einu atviksorði skotið inn á milli þeirra.

[...] það er ekki til sárt bein í mínum líkama [...]

(Ólöf Skaftadóttir 2016 d)

Við bregðumst alltaf við með það að leiðarljósi hvað sé best fyrir neytendur [...]

(Nadine Guðrún Yaghi 2016 a)

[...] tvöföldun forsetninga komi einkum fyrir í spurnarsetningum.

(Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson
og Einar Freyr Sigurðsson 2015: 353)

Það er þó hugsanlegt að miklu lengri liðir gætu verið á þeim stað. Hvar eru þá takmörkin? Hversu langur má liður verða? Lítum á dæmi um setningarnar í (12) þar sem gerð er tilraun til að skjóta inn lengri og lengri nafnlið á milli sagnarinnar og agnarinnar. Hér verður þó ekki lagt mat á hversu tækar eða ótækar setningarnar eru enda ekki markmið ritgerðarinnar að rannsaka þetta atriði.

(12) Nýi forsetinn lagði lög til.

Nýi forsetinn lagði ný lög til.

Nýi forsetinn lagði nokkur ný lög til.

Nýi forsetinn lagði nokkur áhugaverð ný lög til.

Nýi forsetinn lagði nokkur áhugaverð ný lög sem eru svipuð þeim í Japan til.

Nýi forsetinn lagði nokkur áhugaverð ný lög sem eru svipuð þeim gömlu sem eru til í Japan til.

Nýi forsetinn lagði nokkur áhugaverð ný lög sem eru svipuð þeim gömlu sem eru til í Japan og hafa lengi verið vinsæl til.

(setningar mínar)

Svona væri hægt að halda lengi áfram. Hvenær er setning ennþá möguleg þótt hún sé löng? Hvenær verður hún óþægileg málnotendum? Hvenær verður hún hreinlega hlægileg? Hvenær er hún ómálfræðileg? Upplýsingar um þessar spurningar – að minnsta kosti þegar málið er tengt skrifuðum textum – vantar.

Áður en farið er í næsta hluta er nauðsynlegt að ljúka tveimur málum varðandi agnarsagnir. Það fyrsta er miðmyndin. Sama og hjá forsetningarsögnum virðast engar augljósar ástæður vera fyrir því að geta ekki notað agnarsögn í miðmynd með sömu reglum og í germynd – agnarsögnin er enn sú sama, hvaða mynd sem er. Þótt margar forsetningarsagnir sem geta verið í miðmynd séu til, tókst ekki að finna algengar agnarsagnir sem bæði taka andlag og geta verið í miðmynd. Ekkert dæmi af þessu birtist í textunum.

Annað atriðið er þolmynd, og hér er ekki mikið að segja: „agnarsagnir veigra sér ekkert við því að standa í þolmynd“ (Höskuldur Þráinsson 2005: 35) og þessi dæmi munu duga til að sýna að þetta er satt.

Svona kæra hefur verið lögð fram áður, en samt heldur ólöglega niðurhalið áfram.
(blaðagrein – Ólöf Skafladóttir og Fanney Birna Jónsdóttir 2016)

Samkvæmt reglunni sem þar var sett fram [...]

(fræðibók – Ásta Svavarsdóttir 1987: 86)

[...] svo eru gefnar upp nokkrar staðreyndir fyrir utan nafnið [...]

(skáldsaga – Sigurður Pálsson 2002: 12)

Eftirtektavert er að sjá hvernig lýsingarháttur þátíðar sambeygist frumlaginu í kyni, tölu, og falli, t.d. *staðreyndir* er kvenkynsnafnorð í nefnifalli fleirtölu og lýsingarháttur sagnorðsins *gefa* er því *gefnar*. Þetta er ekki hægt með forsetningarsagnir (sbr. (6)).

¹ Ég er þeirrar skoðunar að gott er að prófa allar mögulegar samsetningar í þessari málfræðilegu umræðu. Þessir hlutir eru ekki augljósir nemendum og það er gagnlegt að skoða allt sem hægt er að segja. Það eru fleiri möguleikar til – sem dæmi **Stúlkan sem þeir á horfðu* – en ég hef litla máltilfinningu varðandi þær, því get ég ekki fjallað um þær. Líklega er fjallað nánar um forsetningarsagnir á þennan hátt annars staðar, ég viðurkenni það opinskátt.

5 Dæmi

EINS OG SAGT VAR Í BYRJUN var hluti af rannsókninni að leita að dæmum um notkunarreglur smáorðasagna. Fjörutíu og fimm fréttagreinar og brot úr tólf skáldsögum var notað ásamt því að taka eftir dæmum í fræðiritunum. Átján frumhugtök voru valin til að geta skipulagt niðurstöðurnar.

- (13) einföld sögn í framsöguhætti germynd (*hann býr til*)
samsett sögn í framsöguhætti germynd (*hann hefur búið/er að búa til*)
einfaldur nafnháttur í germynd (*að búa til*)
samsettur nafnháttur í germynd (*að hafa búið til*)
einföld sögn í viðtengingarhætti germynd (*að hann búi til*)
samsett sögn í viðtengingarhætti germynd (*að hann hafi búið til*)
einföld sögn í framsöguhætti miðmynd (*hann býst við*)
samsett sögn í framsöguhætti miðmynd (*hann hefur búist/er að búast við*)
einfaldur nafnháttur í miðmynd (*að búast við*)
samsettur nafnháttur í miðmynd (*að hafa búist við*)
einföld sögn í viðtengingarhætti miðmynd (*að hann búist við*)
samsett sögn í viðtengingarhætti miðmynd (*að hann hafi búist/sé að búast við*)
sögn í framsöguhætti þolmynd (*það er búið til*)
einfaldur nafnháttur í þolmynd (*að vera búið til*)
sögn í viðtengingarhætti þolmynd (*að það sé búið til*)
boðháttur (*búðu til! búið til!*)
lýsingarháttur nútíðar (*búandi til*)
lýsingarháttur þátíðar án sagnar, þ.e. sem lýsingarorð (*búið til*)

Dæmi fundust ekki um alla þessa flokka í (13): engin dæmi fundust um lýsingarhátt nútíðar (*búandi til*), sagnir í viðtengingarhætti miðmynd, samsettan nafnháttur í germynd (*að hafa búið til*), samsettan nafnháttur í miðmynd (*að hafa búist við*) og nafnháttur í framsöguhætti þolmynd (*að vera búið til*). Örfá dæmi fundust í flokknum um sagnir í viðtengingarhætti þolmynd (*það sé búið til*). Engar tölur verða settar hér fram heldur aðeins dæmi um þau tilbrigði sem komu fyrir í textunum.

Langstærsti flokkurinn var hópur einfaldra sagna í framsöguhætti germynd.

[...] því sem hún stendur fyrir sem fyrst og fremst er gleði [...]
(blaðagrein – Garðar Örn Úlfarsson, 2016a)

Ekkert bendir til þess að stúlkunni finnist skrítíð að eftir rúman mánuð flytji hún á Bessastaði [...]
(blaðagrein – Snærós Sindradóttir 2016a)

[...] hermenn verða í þeim tíu borgum sem mótið fer fram í.
(blaðagrein – Valur Grettisson 2016a)

Rannsókn á setningagerð kallar hins vegar á allt aðrar aðferðir við efnissöfnun.
(fræðibók – Höskuldur Þráinsson o.fl. 2015: 13)

Nokkrir kennarar komu inn á stofuna og náðu sér í kaffi í stóra hvíta fanta.
(Sverrir Berg 2013: 11)

Edda fann fyrir tómléikanum í þessu húsi.
(Sverrir Berg 2013: 13)

Næststærsti flokkurinn var sá með einföldum nafnhætti í germynd.

Allir forsetar hafa þurft tíma til að fóta sig, læra inn á embættið [...]
(blaðagrein – Snærós Sindradóttir 2016a)

Hann hafi hugsað sér að bjóða sig aftur fram til þings.
(blaðagrein – Þórgnýr Einar Albertsson 2016c)

Þetta eru límmiðar sem er ekki hægt að taka af án þess að sjáist [...]
(blaðagrein – Valur Grettisson 2016c)

Benda má á að stundum er hægt að [...]
(fræðibók – Höskuldur Þráinsson 2005: 33)

Á ég nú að fara að fást við Erlend?
(skáldsaga – Ólafur Gunnarsson 2013: 13)

Hann reyndi enn einu sinni að hringja í bróður sinn, en fékk ekkert svar.
(skáldsaga – Vidar Sundstøl 2009: 11)

Sagnagerðir í miðmynd sáust ekki sjaldan en voru samt ekki eins algengar og þær í

germynd. Aðallega er um sagnir, einfaldar og samsettar, í framsöguhætti að ræða.

Ég sóttist eftir þessu og kvarta ekki undan neinu.

(blaðagrein – Snærós Sindradóttir 2016a)

Það hefur sýnt sig að forsetaframbjóðendur hafa aldrei skaðast á því að vera í svona framboði [...]

(Ólöf Skaftadóttir 2016c)

Við skulum svo rifja upp í lokin hvað það er sem við höfum stuðst við sem bendingar um það að [...]

(fræðibók – Höskuldur Þráinsson 1999: 125)

Innst inni hafði hann búist við því að hann færi alveg yfir um.

(skáldsaga – Jodi Picoult 2013: 15)

Og leyfðu þér ekki að efast um að ég standi með þér.

(skáldsaga – Kristina Ohlsson 2013: 31)

Finn fyrir ótta sem ég kannast við, hef ekki fundið fyrir honum lengi [...]

(skáldsaga – Sigurður Pálsson 2002: 10)

Viðtengingarháttur fannst í ýmsum gerðum í öllum þremur textategundum, en sjaldnast í fræðitextum. Germynd var langalgengust.

[...] segir að rannsóknaskip komi við hér á landi á leið sinni norður [...]

(blaðagrein – Þórgnýr Einar Albertsson 2016g)

Við munum gera allt til að tryggja að mótið fari friðsamlega fram [...]

(blaðagrein – Þórgnýr Einar Albertsson 2016b)

Þá sagði hann að enn ætti eftir að endurheimta fúlgur fjár frá Nígeríumönnum í Sviss [...]

(blaðagrein – Þórgnýr Einar Albertsson 2016d)

Hann segir að veikleiki stjórnmálafræðinnar sé að hún geti bara spáð fyrir um það venjulega.

(blaðagrein – Þóra Kristín Ásgeirsdóttir 2016c)

[...] hugsum okkur að tíl séu tvö afbrigði af hvorutveggja [...]

(fræðibók – Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson 2013: 14)

[...] þarna væri um að ræða atviksorð sem tækju með sér fyllilið [...]
(fræðibók – Höskuldur Þráinsson 2005: 115)

Það var ógerlegt að trúa því að svona unglingar væru til [...]
(skáldsaga – Jodi Picoult 2013: 16)

[...] hann hefði ekki alltaf hugsað vel um heilsuna.
(skáldsaga – Sverrir Berg 2013: 18)

Eins og hann væri að tala við lítið barn.
(skáldsaga – Kristina Ohlsson 2013: 20)

Það sem kom mest á óvart var munur milli fræðibóka og hinna textategundanna varðandi sagnir í þolmynd, hvort þær eru ópersónulegar eða persónulegar. Sagnir í framsöguhætti þolmynd sáust næstum tvöfalt oftar í fræðitextunum en í hinum. Hér virðist greinilega vera um stílsatriði að ræða, að fræðilegi ritunarhátturinn taki auðveldlega þolmynd til sín.

[...] afkomuspá Icelandair Group var færð niður vegna óvissu á mörkuðum.
(blaðagrein – Sæunn Gísladóttir 2016f)

Ekki hefur verið boðað til nýs samningafundar í deilunni [...]
(blaðagrein – Ingvar Haraldsson 2016b)

[...] eins og áður var ýjað að.
(fræðibók – Höskuldur Þráinsson o.fl. 2013: 15)

Eitt af því sem rætt hefur verið um [...]
(fræðibók – Höskuldur Þráinsson o.fl. 2015: 278)

[...] nánar er fjallað um merkingarleg einkenni þessara sagna“ [...]
(fræðibók – Höskuldur Þráinsson 2005: 30)

Gjöfurunum mínum hefur yfirleitt reitt mun betur af en búist var við.
(skáldsaga – Kazuo Ishigiro 2005: 7)

Smáorðasagnir voru sjaldgæfar í boðhætti. Ekkert dæmi fannst um þær í blaðagreinum.

Lítum fyrst á tvö dæmi með þrem hjálparsögnum [...]
(fræðibók – Höskuldur Þráinsson 1999: 117)

DÆMI

Hringið í röntgen, þau þurfa að skoða háls hrygginn.

(skáldsaga – Jodi Picoult 2013: 18)

Nei, Marteinn, skildu mig ekki eftir einan með ókunnugum!

(skáldsaga – Ólafur Gunnarsson 2003: 12)

Berið ykkur upp við hann!

(skáldsaga – Ólafur Gunnarsson 2003: 19)

Að langmestu leyti var samræmi milli dæmanna sem safnað var og notkunarreglna smáorðasagna eins og þær voru settar fram í 4. kafla. Það sem kemur greinilega í ljós, í fullu samræmi við þá hugmynd sem þessi ritgerð er byggð á og nákvæmlega eins og sagt var í byrjun, er að smáorðasagnir eru tvímælalaust algengar í íslensku og að notkun þeirra er frekar flókin en samt afar reglubundin. Þegar á allt er litið verður maður aftur að spyrja af hverju það sé svo sjaldan minnst á þetta fyrirbæri í tungumálaláttum, sérstaklega í þeim sem eru skrifaðar handa fólki sem er að læra íslensku.

6 Tillögur til frekari rannsókna

MARKMIÐUM ÞESSARAR RITGERÐAR hefur að mestu leyti verið náð. Eins og sagt var í fyrsta hluta er umfang hennar lítið. Á meðan unnið var að því að rannsaka efnið í henni komu í ljós nokkrar leiðir sem rannsakendur gætu í framtíðinni notað til að fara dýpra í mál smáorðasagna.

Það fyrsta og augljósasta er að nota miklu stærri gagnasöfn, með áherslu á það að fá texta sem skrifaðir eru af eins mörgum mönnum og mögulegt er. Hver höfundur, vinni hann fyrir dagblað, vefsíðusmiðjufyrirtæki, ríkisráðuneyti, útgáfu, háskóla eða hvað sem er, hefur sinn stíl, og í þessum stíl gætu fundist fleiri dæmi af, til dæmis, þolmynd hjá einum en hjá öðrum. Gott dæmi eru einmitt sagnir í þolmynd sem fjallað var um í 5. hluta. Það væri einnig æskilegt að leita að dæmum í fleiri textategundum, allt frá opinberri útgáfu ríkisfjölmiðla á netinu að matseðlum og auglýsingum. Ef rannsóknin er um íslensku í víðara samhengi, þá verður rannsakandinn að sjálfsögðu að leita annarra gagna en aðeins ritaðra heimilda og að hafa talheimildir úr sjónvarpi og útvarpi í gagnasafninu, ásamt því að taka upp samtöl og hlusta á það sem fólk segir alls staðar í kringum hann. Nokkur söfn eru einnig nú þegar til þar sem má finna viðtöl sem voru tekin upp. Sem dæmi má nefna hið athyglisverða gagnasafn ÍS-TAL (Íslenskur talmálsbanki): „Þetta eru sjálfsprottin, persónuleg samtöl, tekin upp við eðlilegar aðstæður víðs vegar um land árið 2000. [...] Alls er um að ræða 31 samtál, samtals nærri 20 klukkustundir að lengd“ (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2013: 69). Rannsakandi sem hefur áhuga á kenngslu og tungumáli skólanemenda getur einnig reynt að safnað ritgerðum námsmanna eins og hefur verið gert áður (sjá einkum Ásgrím Angantýsson 2011: 45 og Höskuld Þráinsson o.fl. 2013: 111).

Það að skoða hliðstæður vandlega er oft góð leið til að skilja eitthvert fyrirbæri, atriði eða hlut, og tungumál eru engin undantekning. Þess vegna gæti verið afar nytsamlegt að gera samanburð á einhverju málfræðiatríði á milli tveggja (aðallega nátengdra) tungumála og fá þannig innsýn í tungumálið sem er til rannsókna. Samanburð við ensku má sjá oftast en einu sinni í fræðilegum heimildunum; Höskuldur Þráinsson (2005: 108) gefur dæmi um þessa aðferð:

- | | |
|--|--------------------------------------|
| (14) a. Þau töluðu <u>um þessa bók</u> . | They talked <u>about this book</u> . |
| b. Þau hentu <u>út þessari bók</u> . | They threw <u>out this book</u> . |
| c. Þau töluðu <u>um hana</u> . | They talked <u>about it</u> . |
| d. *Þau hentu <u>út henni</u> . | *They threw <u>out it</u> . |

- | | |
|---|---|
| e. Þau hentu <u>henni út</u> . | They threw <u>it out</u> . |
| f. *Þau töluðu <u>þessa bók um</u> . | *They talked <u>this book about</u> . |
| g. Þau hentu <u>þessari bók út</u> . | They threw <u>this book out</u> . |
| h. <u>Um þessa bók</u> hafði hún skrifað langan ritdóm. | About this book she had written a lengthy review. |
| i. * <u>Út þessari bók</u> hafði hún hent. | * <u>Out this book</u> she had thrown. |
- (aðhæft úr Höskuldi Þráinssyni 2005: 108)

Í (14 a–i) má sjá að forsetningarsagnirnar (*tala um* og *talk about*) og agnarsagnirnar (*henda út* og *throw out*) fylgja nákvæmlega sömu reglunum í ensku og í íslensku og eru notaðar á sama hátt. Út frá þessu væri hægt til dæmis að segja að hegðun smáorðasagna í íslensku sé ekki séríslenskt fyrirbæri og svo mætti velta fyrir sér hvort hún sé frekar víðara germanskt fyrirbæri. En enska er aðeins eitt af mörgum tungumálum þessarar ættar og með því að líta ekki á hin málin gæti þýtt að verið væri að missa af fræðilegum tækifærum. Það væri til dæmis áhugavert að bera íslenskar og enskar agnir saman við sagnorðaforskeyti í þýsku og öðrum germönskum tungumálum. Jafnvel afríkanska, sem sýnir yfirleitt ekki mörg einkenni germanskra mála, til dæmis hvað varðar sterkar sagnir, er ennþá full af smáorðasögnum (sjá Donaldson 1993: 262–72 og 282–9). Þetta er þekkt fyrirbæri og kemur fyrir víða. Þegar horft hefur verið á germönsk tungumál, þá er eðlilegt að halda áfram og rannsaka líkindi og mun milli þeirra og tungumála annarra ætta. Að hversu miklu leyti er smáorðasagnafyrirbærið germanskt eða indóevrópskt?

Þriðja leiðin sem rannsakandinn gæti farið er að skoða fyrirbærið út frá orðhluta- og orðmyndunarfræðum, að skoða hvernig afleiðsla gerist í íslensku. Segir það eitthvað þegar *ad hugsa um* getur mjög auðveldlega og eðlilega orðið að nafnorðinu *umhugsun* (sjá Höskuld Þráinsson 2005: 47)? Geta allar smáorðasagnir orðið að nafnorðum – að minnsta kosti sem hugmynd – eða aðeins sérstakar tegundir, sem dæmi þær forsetningarsagnir sem stýra þessu eða hinu fallinu?

Þeir sem hafa gaman af setningafræði geta einbeitt sér að þeirri erfiðu spurningu sem snýr að muninum milli atviksorða og agna. Viðurkenndar heimildir eins og *Íslensk orðabók* skilgreina agnir sem ákveðna tegund atviksorða en það virðist samt vera að erfitt sé að skilgreina þessa tegund. Hegða agnir sér nákvæmlega á sama hátt og hefðbundin atviksorð? Er eini munurinn merkingarfræðilegur?

Að lokum má nefna að það væri afar æskilegt að fá skoðanir málnotenda sem hafa íslensku sem móðurmál. Þegar máltilfinningu vantar er stundum mjög erfitt fyrir rannsakandann að gera grein fyrir niðurstöðum. Það gæti einnig verið fræðandi að bera saman skoðanir þeirra móðurmálshafa við tilfinningu þeirra sem lærðu íslensku sem annað mál – sérstaklega þeirra sem hafa náskilyt tungumál að móðurmáli. Í hverju felst munurinn í máltilfinningu þessara tveggja málnotendahópa?

Lokaorð

Í ÞESSARI RITGERÐ HEFUR VERIÐ RÆTT um stöðu, notkun og rannsókn smáorðasagna, það er að segja forsetningar- og agnarsagna, í íslensku tungumáli. Fyrst var litið á það sem sagt hefur verið í kennslu- og handbókum um ýmis atriði og það kom í ljós að þessi fyrirbæri eru alls ekki tíð umræðuefni. Aðeins ein handbókanna, skrifuð á litáísku (Ruseckienė 2013), gaf sögnunum sérstakt rými. Þrátt fyrir það að notkunarreglur forsetningar- og agnarsagna séu nokkuð reglubundnar og skýrar eru þær einnig flóknar. Þess vegna er erfitt að fjalla um þær á nákvæman hátt án þess að fara djúpt í málið og því er sjaldan rætt um þær í fræði- og handbókum. Það sama getur maður ekki sagt um hagnýta skilgreiningu forsetninga og agna, sem er yfirleitt skýr og auðskilin; munur milli agna og atviksorða er ekki eins auðvelt að orða. Dæmi úr þremur textategundum – fræðilegum ritum, blaðagreinum og skáldsögum – sýndu að smáorðasagnir af mörgum gerðum eru algengar í formlegu rituðu máli, þó sumar gerðar, til dæmis sagnir í viðtengingarhætti þolmynd, væru varla til í heimildunum. Nokkrir möguleikar fyrir frekari rannsóknir í framtíðinni voru gefnir, meðal annars að stækka gagnasafn sem notað er og að líta á nátengd tungumál.

Aðalniðurstaða ritgerðarinnar er að smáorðasagnafyrirbærið er flókið – kannski miklu flóknara en það virtist vera fyrst í stað. Það er þess vegna enn merkilegra að það sé ekki minnst á það í handbókum og öðrum málfræðitextum. Smáorðasagnir er eitt helsta einkenni íslenskunnar og bæta ríkri fjölbreytni við hana. Það er von mín að þessi ritgerð og viðauki hennar geti að einhverju leyti hjálpað þeim sem hafa áhuga á tungumálinu til að njóta þessa málfræðilega ríkdæmis.

Viðauki

Viðauki á næstu blaðsíðu er skrifaður í þeim tilgangi að vera fólki, sem kennir eða er að læra íslensku, að gagni. Helstu skilgreiningar og notkunarreglur agnar- og forsetningarsagna eru gefnar í einföldu sniði.

Nota má viðaukann frjállega í kennslu og til fróðleiks.

Heimildaskrá

- Arnaldur Indriðason. 2004. *Röddin*. 2. útgáfa. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
- Ásgrímur Angantýsson. 2011. *The Syntax of Embedded Clauses in Icelandic and Related Languages*, Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ásta Svavarsdóttir. 1987. *Setningafræði*. Reykjavík: Mál og menning.
- Björn Guðfinnsson. 1990. *Íslensk setningafræði*. 3. útgáfa. Reykjavík: Ísafold.
- Concise Oxford English Dictionary*. 2011. 12. útgáfa, endurskoðuð [á geisludiski]. Oxford: Oxford University Press.
- Crystal, David. 2008. *A Dictionary of Linguistics and Phonetics*. 6. útgáfa. Oxford: Blackwell Publishing.
- Donaldson, Bruce C. 1993. *A Grammar of Afrikaans*. Berlin: Mouton de Gruyter.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Um orðaröð og færslur í íslensku*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Fanney Birna Jónsdóttir. 2016, 27. júlí. Guðni hélt forystunni til loka. *Fréttablaðið*, bls. 4.
- Garðar Örn Úlfarsson. 2016 a, 29. júlí. Minnki hávaða frá flugvælinum. *Fréttablaðið*, bls. 2.
- Garðar Örn Úlfarsson. 2016 b, 29. júlí. Stoltir af þjóðhátíð. *Fréttablaðið*, bls. 2.
- Garðar Örn Úlfarsson. 2016 c, 6. júní. Vörubíllinn gafaði upp hjá Bílasölu Guðfins. *Fréttablaðið*, bls. 2.
- Guðsteinn Bjarnason. 2016, 29. júlí. Obama bjartsýnni en nokkru sinni fyrr. *Fréttablaðið*, bls. 6.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1989. *Verbal Syntax and Case in Icelandic*. Lund: Department of Scandinavian Studies, University of Lund.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1996. Setningafræði. *Erindi um íslenskt mál* (bls. 123–34). Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið.
- Halldór Halldórsson. 1956. *Kennslubók í íslenskri málfræði handa framhaldsskólum*. Akureyri: Bókafornlag Odds Björnssonar.
- Haraldur Matthíasson. 1966. *Íslensk setningafræði*. Reykjavík: Skálholt hf.
- Heivoll, Gaute. 2011. *Meðan enn er glóð*. Sigrún Árnadóttir þýddi. Reykjavík: Mál og Menning. [Upphaflega gefin út 2010.]
- Höskuldur Práinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstjórar). 2013. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð: I. Markmið, aðferðir og efniviður*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Práinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstjórar).

2015. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð: II. Helstu miðurstöður, Tölfræðilegt yfirlit*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Þráinsson. 1999. *Íslensk setningafræði*. 6. útgáfa. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Íslensk tunga III. Setningar: Handbók um setningafræði*. Meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Reykjavík: Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2006. *Handbók um málfraeði*. 2. útgáfa. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Ingvar Haraldsson. 2016 a, 6. júní. Fyrsta banaslysið í Hvalfjarðargöngum. *Fréttablaðið*, bls. 1.
- Ingvar Haraldsson. 2016 b, 6. júní. Tafir í Keflavík. *Fréttablaðið*, bls. 2.
- Ishiguro, Kazuo. 2005. *Sleptu mér aldrei*. Elísa Björg Þórsteinsdóttir þýddi. Reykjavík: Bjartur. [Upphaflega gefin út 2005.]
- Kress, Bruno. 1982. *Isländische Grammatik*. München: Max Hueber Verlag.
- Kristín Bjarnadóttir. 2001. Um sagnlýsinguna í 3. útgáfu *Íslenskrar orðabókar*. Í Guðrún Kvaran (ritstjóri) *Orð og tunga 5* (bls. 87–120). Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Magnús Pétursson. 1978. *Isländisch: Eine Übersicht über die moderne isländische Sprache mit einem kurzen Abriss der Geschichte und Literatur Islands*. Hamburg: Helmut Buske Verlag.
- Mörður Árnason (ritstjóri). 2010. *Íslensk orðabók: Óstytt útgáfa*. 5. útgáfa. Reykjavík: Forlagið.
- Nadine Guðrún Yaghi. 2016 a, 27. júlí. 5.000 inneignarkort á veitingastað ónothæf. *Fréttablaðið*, bls. 2.
- Nadine Guðrún Yaghi. 2016 b, 29. júlí. Ekki hægt að fullyrða að kyn dómara skipti máli. *Fréttablaðið*, bls. 4.
- Nadine Guðrún Yaghi. 2016 c, 29. júlí. Fannst nakinn í miðbænum. *Fréttablaðið*, bls. 1.
- Nanna Elísa Jakobsdóttir. 2016, 6. júní. Ragnheiður fer ekki í prófkjör. *Fréttablaðið*, bls. 4.
- Ohlsson, Kristina. 2013. *Verndarenglar*. Jón Daníelsson þýddi. Reykjavík: JPV útgáfa. [Upphaflega gefin út 2011.]
- Ólafur Gunnarsson. 2003. *Öxin og jörðin*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Ólöf Skaftadóttir og Fanney Birna Jónsdóttir. 2016, 29. júlí. Grafið undan menningarstarfsemi. *Fréttablaðið*, bls. 8.
- Ólöf Skaftadóttir. 2016 a, 27. júlí. Manni líður eins og regnboga. *Fréttablaðið*, bls. 8.
- Ólöf Skaftadóttir. 2016 b, 27. júlí. Pakkar jakkafötunum. *Fréttablaðið*, bls. 8.
- Ólöf Skaftadóttir. 2016 c, 27. júlí. Vel tekið hvarvetna. *Fréttablaðið*, bls. 8.
- Ólöf Skaftadóttir. 2016 d, 27. júlí. Við getum ekki annað en fagnað. *Fréttablaðið*, bls. 8.
- Picoult, Jodi. 2013. *Sáttmálinn*. Magnea J Matthíasdóttir þýddi. Reykjavík: JPV útgáfa.

- [Upphaflega gefin út 1998.]
- Ruseckienė, Rasa. 2013. *Islandų kalbos gramatika*. Vilnius: Tyto Alba.
- Sigfús Blöndal og Ingeborg Stemann. 1953. *Praktisk lærebog I: Islandsk nutidssprog*. 2. útgáfa. Kaupmannahöfn: Ejnar Munksgaards Forlag.
- Sigurður Pálsson. 2002. *Næturstaður*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Snærós Sindradóttir. 2016 a, 27. júlí. Nýr forseti óhræddur við óvinsælar ákvarðanir. *Fréttablaðið*, bls. 6.
- Snærós Sindradóttir. 2016 b, 27. júlí. Vann Guðna í happdrætti á námsárunum. *Fréttablaðið*, bls. 6.
- Stefán Einarsson. 1949. *Icelandic: Grammar, Texts, Glossary*. 2. útgáfa. Baltimore: The Johns Hopkins Press, Baltimore.
- Stefán Máni. 1999. *Myrkravél*. Reykjavík: Mál og Menning.
- Sundstøl, Vidar. 2009. *Hinir dauðu*. Kristín R Thorlacius þýddi. Reykjavík: Uppheimar. [Upphaflega gefin út 2009.]
- Svavar Hávarðsson. 2016 a, 27. júlí. Munu fylgja ráðgjöf í þaula. *Fréttablaðið*, bls. 2.
- Svavar Hávarðsson. 2016 b, 6. júní. Ráðstefnugestum á Íslandi hefur fjölgað um 44 prósent frá 2011. *Fréttablaðið*, bls. 8.
- Sveinn Arnarson. 2016, 29. júlí. Fýsilegri kostur í ríkisstjórn með sigurð Inga í brunni. *Fréttablaðið*, bls. 4.
- Sverrir Berg. 2013. *Drekinn*. Reykjavík: Uppheimar.
- Sæunn Gísladóttir. 2016 a, 27. júlí. Reyna að koma í veg fyrir Brexit. *Fréttablaðið*, bls. 10.
- Sæunn Gísladóttir. 2016 b, 27. júlí. Flugumferðarstjórar semja. *Fréttablaðið*, bls. 2.
- Sæunn Gísladóttir. 2016 c, 27. júlí. Lengri barátta ekki endilega endað öðruvísi. *Fréttablaðið*, bls. 4.
- Sæunn Gísladóttir. 2016 d, 27. júlí. Maður fannst látinn. *Fréttablaðið*, bls. 2.
- Sæunn Gísladóttir. 2016 e, 29. júlí. Atvinnuleysi dregist saman um 12 prósent. *Fréttablaðið*, bls. 4.
- Sæunn Gísladóttir. 2016 f, 29. júlí. Verð bréfa snarlækkaði. *Fréttablaðið*, bls. 6.
- Thorfinn, Helena. 2014. *Áður en flóðið kemur*. Elín Guðmundsdóttir þýddi. Hafnafjörður: Urður bókafélag ehf. [Upphaflega gefin út 2012]
- Valur Grettisson. 2016 a, 10. júní. Ef eitthvað gerist, þá gerist það hratt. *Fréttatíminn*, bls. 2.
- Valur Grettisson. 2016 b, 10. júní. Segir Róbert bulla um Actavis-hlutinn. *Fréttatíminn*, bls. 2.
- Valur Grettisson. 2016 c, 10. júní. Píratar passa Sturlu. *Fréttatíminn*, bls. 4.
- Valur Grettisson. 2016 d, 10. júní. Tveir vilja sameinast heimilisláusum bakara. *Fréttatíminn*, bls. 6.
- Van Loon, Karel. 2004. *Ástaraldin*. Þorgeir Guðlaugsson þýddi. Reykjavík: Vaka-Helgafell. [Upphaflega gefin út 1999]
- Þóra Kristín Ásgeirsdóttir. 2016 a, 10. júní. „Langar svo að vera hamingjusamur“. *Fréttatíminn*, bls. 2.
- Þóra Kristín Ásgeirsdóttir. 2016 b, 10. júní. Óánægður með að nám sé stytta.

- Fréttatíminn*, bls. 6.
- Þóra Kristín Ásgeirsdóttir. 2016 c, 10. júní. Sigmundur Davíð hefur engu að tapa – en Framsókn öllu. *Fréttatíminn*, bls. 6.
- Þóra Kristín Ásgeirsdóttir. 2016 d, 10. júní. Stefnuskrá Viðreisnar rúmast öll innan Samfylkingarinnar. *Fréttatíminn*, bls. 4.
- Þóra Kristín Ásgeirsdóttir. 2016 e, 10. júní. Uss, krakkar, strákarnir funda. *Fréttatíminn*, bls. 2.
- Þóra Kristín Ásgeirsdóttir. 2016 f, 10. júní. Þrettán sjálfboðaliður við störf á Skjaldarvík. *Fréttatíminn*, bls. 6.
- Þóra Tómasdóttir. 2016, 10. júní. Vildu próf án skólagöngu. *Fréttatíminn*, bls. 1.
- Þórgnýr Einar Albertsson. 2016 a, 6. júní. Heiðraður á hátíðardegi. *Fréttablaðið*, bls. 2.
- Þórgnýr Einar Albertsson. 2016 b, 6. júní. Hollande varar við árásum á EM. *Fréttablaðið*, bls. 4.
- Þórgnýr Einar Albertsson. 2016 c, 6. júní. Höskuldur gagnrýnir foringjadýrkun en aðrir styðja Sigmund. *Fréttablaðið*, bls. 4.
- Þórgnýr Einar Albertsson. 2016 d, 6. júní. Miljarðar nást til baka. *Fréttablaðið*, bls. 6.
- Þórgnýr Einar Albertsson. 2016 e, 6. júní. Samþykkja íbúðir og hafna íþróttahúsi. *Fréttablaðið*, bls. 8.
- Þórgnýr Einar Albertsson. 2016 f, 29. júlí. Hvetja til snyrtilegra lóða. *Fréttablaðið*, bls. 2.
- Þórgnýr Einar Albertsson. 2016 g, 29. júlí. Mörg rannsóknaskip í Reykjavíkurböfn. *Fréttablaðið*, bls. 2.